



Ársreikningur Bygðastofnunar 2020

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2020, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 25. mars 2021.

Tap ársins nam 61,8 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok árs skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 19,12%.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Bygðastofnunar 2020

- Tap ársins nam 61,8 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 19,12% en skal að lágmarki vera 8% auk 2,5% vermdunarauka, eða samtals 10,50%. Þann 18. mars 2020 ákvað Fjármálastöðuleikanefnd Seðlabanka Íslands að aflétta 2% kröfu um sveiflujöfnunarauka fjármálafyrirtækja.
- Hreinar vaxtatekjur voru 522 milljónir króna eða 39,3% af vaxtatekjum, samanborið við 509 milljónir króna (43,5% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2019.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 508 milljónum króna samanborið við 551 milljón árið 2019.
- Eignir námu 20.285 milljónum króna og hafa hækkað um 3.809 milljónir frá árslokum 2019. Þar af voru útlán 16.835 milljónir samanborið við 13.850 milljónir í árslok 2019.
- Skuldir námu 17.131 milljón króna og hækkuðu um 3.871 milljón á árinu.

Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs á landsbyggðinni.

Áhrif COVID-19 á rekstur Bygðastofnunar hafa að mestu komið fram í fjölda beiðna um frestun afborgana á lánnum viðskiptavina hennar. Stofnunin var þátttakandi í samkomulagi viðskiptabanka, lánastofnana og lífeyrissjóða um tímabundna greiðslufresti á lánnum fyrirtækja vegna heimsfaraldurs COVID-19 og gildi það til 30. september 2020. Það fól í sér að greiðslufrestir vegna áhrifa COVID-19 yrðu veittir til áramóta að hámarki.



Á árinu 2020 voru skráðar 160 beiðnir um greiðslufresti vegna áhrifa COVID-19 en þær voru 96 fyrstu 6 mánuði ársins. Kemur langmestur fjöldi þeirra frá aðilum í ferðaþjónustu og öðrum þjónustuaðilum. Ljóst er að áhrifin eru enn að koma fram og munu áfram hafa áhrif á sjóðstreymi stofnunarinnar. Stjórnvöld og Seðlabankinn hafa komið fram með fjölmargar aðgerðir til að vinna gegn neikvæðum efnahagslegum áhrifum faraldursins en mikil óvissa er enn um þróun faraldursins og hvenær verður endanlega hægt að létta af öllum takmörkunum sem til komnar eru vegna hans.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr ársreikningi og samanburður við fyrri ár

	2020	2019	2018	2017	2016
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur					
Vaxtatekjur.....	1.327.669	1.172.444	1.098.491	855.106	805.887
Vaxtagjöld.....	805.812	662.991	630.646	428.828	375.330
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>521.857</i>	<i>509.454</i>	<i>467.845</i>	<i>426.278</i>	<i>430.558</i>
Rekstrartekjur.....	643.008	645.486	616.573	549.588	509.380
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>1.164.865</i>	<i>1.154.940</i>	<i>1.084.418</i>	<i>975.866</i>	<i>939.937</i>
Rekstrargjöld.....	1.226.676	1.059.525	971.031	876.235	782.821
Hagnaður (-tap) ársins.....	-61.811	95.415	113.387	99.631	157.116

Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár

Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf...	298.032	182.258	114.851	111.179	83.184
---------------------------------------------------	---------	---------	---------	---------	--------

Efnahagsreikningur	30.12.2020	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2016
Eignir					
Bankainnistæður.....	1.165.407	474.679	1.102.471	1.089.861	2.757.542
Útlán til viðskiptavina.....	16.834.885	13.850.098	12.113.274	10.463.653	9.679.575
Fullnustueignir.....	270.010	441.010	347.510	340.510	445.552
Veltuhlutabréf.....	353.283	585.845	571.706	594.926	683.414
Hlutdeildarfélag.....	699.594	682.252	642.237	576.288	499.258
Skuldunautar.....	124.489	26.599	29.713	14.147	18.689
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	837.284	414.975	79.403	53.858	56.194
Eignir samtals.....	20.284.952	16.475.459	14.886.313	13.133.244	14.140.223

Skuldir og eigið fé					
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	16.788.799	13.014.318	11.504.095	9.920.045	11.003.741
Óráðstöfuð framlög.....	241.587	119.710	123.593	130.852	141.783
Aðrar skuldir.....	100.281	125.336	137.944	75.053	87.037
Skuldir samtals.....	17.130.667	13.259.364	11.765.633	10.125.951	11.232.561

Eigið fé.....	3.154.284	3.216.095	3.120.680	3.007.293	2.907.663
Skuldir og eigið fé samtals.....	20.284.952	16.475.459	14.886.313	13.133.244	14.140.223

Sjóðstreymi	2020	2019	2018	2017	2016
Handbært fé (-til) frá rekstri.....	368.640	427.163	248.164	290.075	241.768
Fjárfestingarhreyfingar.....	-2.855.602	-2.220.233	-1.327.614	-765.620	-738.880
Fjármögnunarhreyfingar.....	3.177.690	1.165.279	1.092.060	-1.192.136	173.422
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>690.727</i>	<i>-627.791</i>	<i>12.610</i>	<i>-1.667.681</i>	<i>-323.690</i>
Handbært fé í ársbyrjun.....	474.679	1.102.471	1.089.861	2.757.542	3.081.232
Handbært fé í árslok.....	1.165.407	474.679	1.102.471	1.089.861	2.757.542

Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði	19,12%	19,25%	21,45%	23,57%	22,74%
-----------------------------------------------------------------------------------------	--------	--------	--------	--------	--------